

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 152. löggjafarþings, frá 15. júní 2022 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 13. september 2022.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.“

Alþingi samþykkti 15. júní 2022 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 152. löggjafarþings, frestað 16. júní 2022.

Forsætisráðuneytinu, 16. júní 2022.

F. h. r.
Bryndís Hlöðversdóttir.

Sighvatur Arnmundsson.